


# FÉLAGSBLAD NÝALSSINNA

TÍMARIT UM STJÖRNUSAMBANDSMÁL



## LÍFGEISLAN FRÁ FINGURGÓMUM

Myndin sýnir lífgeislan frá taugaendum fingurgómsins, samkvæmt þeirri rússnesku tækniupppfinningu, sem gerir slíka ljósmyndun mögulega, og minnzt var á í síðasta blaði. Lífmagninu "geistar mest af frammjóum hlutum líkamans: fingrum, nefi o. s. frv." (Nýall, bls. 290, 2. útg.) og sérstaklega mátti búast við henni frá fingurgómunum, því þar er tauganetið þéttofnast og tilfinningin næmest.

Um 1580–1590 var Brúnó að segja mönnum frá sólstjörnum himingeimsins, sem ekki væru aðeins hinar sjáanlegu fastastjörnur, heldur einnig óendanlega fjölgandi í allar áttir. Engar undirtektir fékk þessi skoðun. Um 1610 var fyrsti stjörnusjónaukinn smíðaður, og það fyrsta sem Galíleó sá, voru hinar óteljandi sólstjörnur Brúnós. Enginn minntist samt á Brúnó eftir þetta um langt skeið.

Um 1914–1949 hélt Helgi Pjeturss fram lífgeislan sem eðlisfræðilegu fyrirbrigði. Lífgeislan er nú sönnuð með tækni. – Mikil hættu er á, að ef þagað verður til lengdar yfir sambandi þessarar ljósmyndunar við líffræðiskilning Nýals, verði tæknin notuð í þágu kvala og heljar.

D. G.

Utgefandi: Félag Nýalssinna  
Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri: Þorsteinn Jónsson  
Úlfstöðum, Borgarfirði

## Sannur fræðimaður

Í hinu merkilega útvarpserindi Pálma Hannessonar um Jón Bjarnason stjórnufróða í Þórormstungu, Vatnsdal, sem Helgi bóndi á Hrafnkelsstöðum lét flytja í útvarp 12. júní sl. kom það fram, sem ég hafði ekki vitað áður, að Jón Bjarnason hafði sínar skoðanir um íbúa annarra hnatta. En þetta, að hafa sínar skoðanir í því efni, er í rauninni ekki annað en að gera sér grein fyrir því sem er, og vera hlýtur, þar sem hin 'gagnstæða skoðun' er aldrei sprottin af öðru en sljóleika og hugsunarleysi.

Þess ber að minnast með að í sveitum Íslands á 19. öld voru uppi menn, sem héldu uppi hugsun um líf á öðrum stjörnum, og mun framför þjóðarinnar hafa stuðzt meir við áhrif slíkra manna en flesta grunar. Og hefði það þó orðið miklu betur, ef þeim hefði verið veitt verðskulduð athygli. En það kom fram í því sem lesið var, að Björn Gunnlaugsson hefur í minningarorðum sínum um hinn stjórnufróða bónda tekið sérstaklega fram að Jón Bjarnason hafi verið vel siðaður maður og gæti það bent til þess að almenningsálit hafi ekki verið honum allskostar hliðholtt. - En Vatnsdalurinn mun um aldamótin síðustu hafa verið ein blómlegasta og bezt mennta sveit á landinu, og veit ég þó ekki hversu minniisstæður þeim hefur þar verið stjórnufræðingurinn, sem þá var fyrir allöngu látinn.

Pálmi Hannesson taldi það skaða mikinn, að Jón skyldi ekki eiga kost á skólagöngu, og er það vissulega rétt, því að þá hefði aðstaða hans orðið öll önnur. En þó getur verið að hugurinn sé frjálfsari hjá alþýðumanni. Jón teiknaði sjóskrímsli, og bendir það til áhuga hans á stórfurðum. En stjórnulíffræði er að skilja, að hinar skyndilegu líkamsgervingar, sem verða í náttúrunni, og jafnan vekja hina mestu furðu, eru frá öðrum hnöttum, og hafi Jón grunað eitthvað í þessa átt, væri það mikil saga og merkileg. - Og um leið og ég skrifa þetta, kemur mér það í hug, sem Sveinn Haraldsson var að segja mér eftir Ragnari Sturlusyni, að skipstjórar á Suðurnesjum telji sig nýlega hafa sannreynt, að hvalir hafi þessháttar áhrif á fiskleitartæki þeirra (Asdic) sem undarleg eru og kynnu að vera lífgeislunareðlis. "Hvalasögu" kallaði Sveinn þessi tíðindi og er það réttnefni, en hvalsaga gæti þetta fyrirbæri einnig orðið heimi vísindanna ef rétt væri með farið.

P. G.

## Góðir liðsmenn.

Samtök höfum við þar sem er félag okkar, en til þess að geta orðið betur samtaka er nauðsynlegt að hver einn sé sem réttast metinn, og að gott starf sé munað og virt. Góðan stuðning höfum við frá hinum þremur Íslenzku konum í Vesturheimi: Steinunni Inge, Ingu Árnason og Guðrúnu Eyjólfsson, og hefur þeirra allra verið getið hér áður, en gaman þótti mér að því þegar sagt var frá því í dagblaði, að Guðrún hefði einnig verið að senda Eimskipafélagi Íslands fjárstyrk. Lífir þar minningin meðal Vestur-Íslendinga um þörf Íslands fyrir hafskip. Og má vera að enn sé mikilsvert að skipaútgerð standi með blóma, þó að margt sé nú orðið breytt.

Síður mun þykja við eiga að þakkað sé heimamönnum, sem vel vinna að hinum nauðsynlegasta framgangi, en engum skal gleymt og engum vanþakkað, og staðreynd er það, að meiri hreyfing er nú um þessi efni en verið hefur um langt skeið. Hvert okkur ber, er óvíst að vita, en gæti hreyfingin orðið nokkuð almenn, er ástæða til að vera bjartsýnn.

P. G.

## UM HEIMSPEKISKOÐANIR

Dr. Helga Pjeturss, Einars Benediktssonar o. fl.

Í tímiriti „Hins íslenska bókmenntafélags“, Skírnir 1969, er allöng ritgerð eftir Peter Hallberg í þýðingu Njarðar P. Njarðvíks. Fjallar ritgerð þessi um skáldsögu Halldórs K. Laxness, „Kristnihald undir Jökli“. Svo sem kunnugt er, sótti skáldið nokkuð af efni sögunnar í heimspekirit dr. Helga Pjeturss og hrærði því saman við ýmsar andlegar stefnur, svo sem guðspeki m. fl. Verður úr þessu víða afskræming og óskapnaður, enda hefur það vafizt fyrir mörgum hvers konar boðskap höfundur er þarna að flytja. Í nefndri ritgerð er birtur kafli úr bréfi frá Halldóri K. Laxness til Hallbergs á bls. 87—88, þar sem skáldið tekur fram, að í söguna séu tekin öll hin sérstæðu fræðiheiti, með því að lesa spjaldanna á milli „sex bindi af Heimspeki Helga Pjeturss, sömuleiðis heimspekilegar ritgerðir Einars Benediktssonar, Alhygð o. fl., en þeir höfðu nákvæmlega sömu skoðanir í heimspeki, báðir stórgáfaðir menn, en meira en lítið rutlaðir“.

Ef nú fyrst er athugað sannleiksgildi þeirrar fullyrðingar, að nefndir höfundar hafi haft nákvæmlega sömu skoðanir í heimspeki, þá er það ekki rétt. Hitt er heldur að þær hafi verið skyldar og á köflum fallið saman, eins og til að mynda þar sem E. Ben. segir í ritgerðinni Róm í Reykjavík, að með vexti og þróun þjóðlífs vors muni valdið „stórstígrí sókn til allra hæða og ekki sízt til landnáms um kynni af öðr-

um stjörnum“. Eins má telja að þeir hafi verið sammála um skapandi mátt íslenzkunnar sem vísindamáls, og að hún sé „eitt völdugaða og fegursta tæki mannlegs hugar í viðskipt um andlegs lífs.“ eins og E. Ben. kemst að orði í ritgerð sinni, 1932. Enn má taka upp hinar gullfögru ljóðlínur hans úr kvæðinu „Móðir mín“:

Ég skildi að orð er á Íslandi til  
yfir allt sem er hugsað  
á jörðu.

Einnig voru þeir sammála um hið mikla hlutverk íslenzku þjóðarinnar, svo sem víða kemur fram hjá dr. H. P. og E. Ben., hjá hinum síðarnefnda í kvæðinu „Væringjar“: „Vor þjóð skal ei vinna með vopnanna fjöld, en með víkingum andans um staði og hirðir“. Líka má benda á að Einar hefur haft líkar skoðanir og dr. H. P. um tilgang lífsins. Þetta kemur fram í kvæðinu „Til Sóleyjar“ og víðar.

En ef lítið er yfir nokkrar heimspekilegar ritgerðir E. Ben. svo sem Alhygð, Gáta geimsins, Sjónhverfing tímans, þá kemur í ljós að nokkuð ber á milli. Í þeim vantar heiðrikju og traustan undirstöðugrundvöll, sem rök eru færð fyrir og treysta má. Þó að Einar hafi verið frjálslyndur og víðsýr, þá minnst hann ekki á hinar líffræðilegu upp-götvanir dr. H. P. um eðli drauma og miðlissambands og lífstarfsíðleiðslu. Hjá Einari kemur ekki fram skýring á rangstefnu tvíhyggjunnar og

yfirhöfuð vantar þar margt sem einkennir heimsfræði dr. Helga. Ég hef nokkuð örugg rök fyrir því að Einar muni ekki hafa metið heimsfræði dr. Helga til fullnustu. Má um þetta ýmisf. færa fram, sem sýnir að það er ekki sannleikanum samkvæmt að fullyrða, að dr. H. P. og E. Ben. hafi haft nákvæmlega sömu skoðanir í heimspeki, þó að þeir væru sammála um ýmis veigamikil og áriðandi atriði, sem áður voru talin.

Um þá fullyrðingu H. K. Laxness. að báðir þessir menn hafi verið „meir en lítið rutlaðir“, skal hér aðeins sagt, að í framtíðinni mun sá dómur vekja furðu og undrun og varpa nokkru ljósi á þá niðurlægingu í menningarefnum, sem ríkjandi mun hafa verið að nokkru á landi hér á síðari hluta 20. aldar. En um það sem H. K. Laxness segir í nefndu bréfi, að Helgi Pjeturss sé líklega sá maður, sem fegurst hafi skrifað íslenska „tungu á okkar tímum. en maður megi bara ekki hugsa um efnið meðan maður er að lesa.“ finnst mér á stundinni best svarað með því, sem Magnús Jónsson prófessor, í ritdómi um Nýal í Eimreiðinni 1922, bendir: „hvort ekki sé dálítil mótsögn í því, að það sem skrifað er af frábærri sníld. lærdómi og gáfum. sé sjálft heimska og vanþekking“.

26. marz 1971.

Bjarni Bjarnason,  
Brekubæ, Hornafirði.

## LEIKMENN OG VÍSINDI

Ritgerð sú sem hér fer á eftir, er tilraun til að hrista af sér vanmáttar-tilfinningu. Ég hef nú um alllangt skeið haft þá hugmynd, að ekkert, sem ég eða aðrir Nýalsvinir segðu, gæti skipt máli, þar sem sérþekkingu skorti. Nú hef ég fengið á þessu nokkuð aðra skoðun, og ætla ég að reyna til að gera grein fyrir henni í sem allra fæstum orðum.

Vísindi kalla ég hverskonar rannsóknir, er hafa það markmið að leiða fram sannleikann um eðli náttúrunnar. Og eru rannsóknir á sjálfu lífinu þar sízt undanskildar.

Sérhver sá, er hlynntur er slíkum rannsóknnum, er vísindalega sinnaður. En í þeim margþætta flokki manna, er leggur stund á ýmiss konar rannsóknir, kalla ég þá eina vísindamenn, sem hafa getu og þor til að kanna ótroðnar s slóðir og varpa fram djarflegum og þó þaulhugsuðum tilgátum, sem þeir leitast síðan við að sanna með tilraunum.

Sannleikurinn einn getur fullnægt slíkum mönnum. Í feegurstri mynd birtist eiginleiki vísindamannsins, þá er hann gerir uppgötvanir. Og geta þær uppgötvanir stundum verið svo stórkostlegs eðlis, að mönnum þykir þær of ótrúlegar til að geta verið sannar. Skýrast hefur þetta komið í ljós, þegar um hefur verið að ræða uppgötvanir, sem breyttu afstöðu mannsins til heimsins. Af einhverjum lítt skiljanlegum ástæðum, hefur manningum ætíð hætt við að líta of stórt á sjálfan sig og verið afar illa við að viðurkenna smæð sína í hinum undrastóra heimi. Þeir hafa ekki viljað sætta sig við, að til væru þeirra líkar eða jafningjar nokkursstaðar. Hefur þetta valdið því, að vísindin og einstakir vísindamenn hafa orðið að sæta hinum verstu rangindum hér á jörðu (en sú saga er okkur flestum kunn orðin). Og jafnvel enn þann dag í dag á slíkt sér stað, þó menn séu að vísu ekki lengur brenndir á báli fyrir að segja sannleikann.

En þó að flest vísindaafrek séu nú almennt viðurkennd, þa fer því fjarri, að vísindamenn og hjálparmenn þeirra skipi sveit þá, er fer fyrir mannkyninu. Enn sem áður eru það stjórnmaðlamenn og trúarleiðtogar, sem ráða ferðinni, og er sá einn munurinn, að stjórnmaðlamennirnir hafa loks skilið, hvert gagn þeir geta haft af vísindunum og hafa í sívaxandi mæli tekið þau í þjónustu sína til að vinna að vafasömum hagsmunamálum sínum. Það eru með öðrum orðum leiðmenn í heimi vísindanna, sem mestu ráða um stefnu þeirra. Afleiðingin er aukin hætta á styrjöld, þar sem beitt myndi verða ógnarvopnum á borð við kjarnorku- og vetnissprengju. Má nú þegar lítið út af bera að ekki bresti á sú mesta ógnaröld, sem yfir mannkynið hefur gengið, og er þá langt til jafnaðs.

Skilningur stjórnmaðlamanna á afrekum vísindanna er alltof mengaður eiginhagsmunamálum til þess að þeim sé treystandi til að nota stóruppgötvanir öllum til heilla. En ef einhver skyldi efast um áhrif stjórnmaðlamanna á stefnu vísindanna, þarf hann ekki annað en að hugleiða rétt sem snöggvast þá geisifjarmuni, sem stjórnir ríkja veita til rannsókna á hverju því, sem veitt geti þeim hernaðarlega yfirburði gegn meintum óvinum sínum.

Þetta er aðalorsök þess, hve vísindin hafa lítið sinnt málum er frekar varðla líkamlega og sálarlega heill mannkynsins. Og þó að ég viðurkenni að forystumennirnir séu að reyna á einhvern hátt, sem jafnan snýst þó til hins verra,

að vinna að heill mannkynsins, þá get ég ekki varizt því, að að mér læðist illur grunur, er ég hugsa um hinn skyndilega áhuga þeirra á fyrirburðafræð — inni. Það skyldi þó ekki vera, að þeir væntu sér nokkurra yfirburða af rannsóknun þeim, sem nú fara fram á fjarhrifun, t. d. til að geta mótað hugsunarhátt manna? Það má vera að þetta sé ímyndun, en ég gruna flesta stjórnmálamenn um græsku og sérstaklega þá sem mest völdin hafa.

Og þegar nú hugleitt er, hversu ægilega er þjáðst sumsstaðar á jörð okkar og annarsstaðar lifað gleðisnautt, sést að allar eiginlegar tilraunir til að bæta úr eru ekkert minna en lífsnauðsyn.

Og það er loks hér, sem kemur til okkar kasta, þótt ótrúlegt sé. Við erum flest eða öll leikmenn í heimi stjórnmála og vísinda. En við höfum dábjart sannsannleiksljós að lýsa okkur fram, sem aðrir virðast ekki hafa séð ennþá. Ljós höfum við þegið af mesta uppgötvara sögunnar og þeim traustasta.

Helgi Pjeturss heitir hann, vísindamaður í orðsins ágætustu merkingu.

Aldaskiptauppgötvun hans um samband lífs í alheimi er svo sérstök að eðli, að henni verður ekki líkt við aðrar. Orðtakið - hefur hver til síns ágætis nokkuð - sést nú í alveg nýju ljósi. Í stærsta jarðneska skilningi er hér um að ræða ákall til sérhvers manns, að hann leggi sitt af mörkunum, og án þess að sérhver leggi sitt af mörkunum, verður verkið ekki fullkomið.

Sem allra flestir og sem allra fyrst, verða menn að vakna til skilnings á hinu mikla hlutverki sínu, en það er að færast til samstillingar lífi í alheimi.

Hinn mikli spekingur ætlaði það verkefni okkar að vekja athygli manna á þessu hinu þýðingarmesta allra mála. Það dugir ekki að vænta þess af vísindunum, hinum viðurkenndu, og segi ég þetta ekki af því að ég kunni ekki að meta vísindin, heldur er hitt, að málum er þann veg háttað hér á jörðu, að sú bið gæti reynzt bæði of löng og of afdrifarík.

En hvað getum við þá gert? Hvaða aðferðir getum við notað, því að leikmenn erum við en ekki vísindamenn.

Mér virðist aðallega ein leið vera væn legust til árangurs. Það er nefnilega til rannsóknarsvæði og það hið stórbrotnasta í ríki matúrunnar, sem blessaðir vísindamennirnir eru ófánlegir til að rannsaka, en sem allir hafa aðgang að og engum er ofvaxið að skilja - en það er lífið á öðrum hnöttum.

Með því að rækta draumlífið í sameiningu má finna lykilinn að hinum torráðnustu gátum, en skilyrði þess að fá fólk í lið með okkur Nýalsvinum, er að að hafa á reiðum höndum svör við þeim helztu gátum, sem menn leita svara við. Það er ekki nóg að vita að orsök veðursins er sólin, menn verða líka að skilja og útskýra hin ýmsu afbrigði þess og helzt að geta spáð fram í tímann. Og alveg eins er með lífsbandið og fyrirburðina. Það er ekki nóg að vísa aðeins til orsakar, heldur verður einnig að útskýra sjálf fyrirbærin.

Og það er alveg óhætt að segja, að fullkomnara lífsband við vini okkar á fjarlægum hnöttum mun leiða til stórbættra vísinda og stjórnhátta á jörðu hér, og ekki er ég lengur í vafa um, að það er ekki síður hlutverk þeirra, er ég kalla leikmenn, að koma sannleikanum fram að þessu sinni, því að það að kannast við vini sína þarfnast engrar sérþekkingar.

P.S. Vil ég nú hvetja alla, sem hafa ef til vill átt að stríða við sömu vantrú á sjál fan sig og ég, að hrista nú af sér slenið og leggja sitt fram af al-

æfli, hversu lítilfjörlegt sem það kann að virðast í fyrstu. Ætla ég að láta þessa tilraun til að hvetja sjálfan mig og aðra nægja í bili og mun eftirleiðis hugsa um það eitt að koma einhverju til leiðar í áttina.

Kjartan K. Norðdahl

## LÍTIL SPURNING ÁSAMT LÍTILLI LEIÐRÉTTINGU

Í stælingu minni á kvæði Fr. Hebbels, Die Weihe der Nacht (Vígsla næturinnar), sem birtist í októberhefti félagsblaðsins, hefir á einum stað misprentast þannig, að einum stafkróki varð um of. Himinrögn um húmsins svæði - hendur rétta slíkt sem ná, átti að vera, en ekki má, eins og prentast hafði. Og nú dettur mér í hug að spyrja, hvort horft muni hafa verið eins mikið til stjarnanna í skáldskap 20. aldar, og þó einkum eftir 1918 og gert var á hinna 19. Get ég sjálfur ekki svarað þessari spurningu fyrir víst, því að seinni tíma skáldskap er ég ókunnugri en þeim eldri, en grunar þó, að það hafi ekki verið. Og hvort gera nú prestar það, sem ég heyrði prest gera, þegar ég var á 12. ári, að segja börnum frá mikilleik stjörnuheimsins? Sagði prestur þessi okkur ekki aðeins frá fjarlægð tungls og sólar, heldur vék hann einnig að því, að víðar kunni að vera mannlíf en á þessari jörð, og man ég sérstaklega eftir því, að hann sagði það rétt vera, að Lundúnaborg væri stærsta borg hér á jörðu, en óvarlegt væri þó að segja hana vera stærstu borg í heimi.

P. J.

## VITRUN

Sæl og blessuð, góða Steinunn.

Ég þakka þér fyrir að vakna og gefa mér þessa gleðistund að setja á blað nokkuð af því, sem mig langar að allir viti. Og þá er fyrst að segja frá því, þegar lífið skilur við sinn frumlíkama, að þá skapar það sér samkvæmt geislan þeirri, sem af einstaklingum hefir staðið, annan líkama í öðru sólhverfi óralangt í burtu. Er sá líkami eins og fyrr af holdi, blóði og beinum og útlits eins og þegar verið var upp á sitt bezta, og þó öllu fegurri.

Þetta er eins og blessaður Helgi Pjeturss var að reyna að kenna samtíð sinni, þó að það væri ekki þegið eða metið sem skyldi. Aldrei verður honum fullþakkað hans starf. Þekking sú sem hann aflaði, er eina leiðin til bjargar þessu mannkyni, sem er á voðalegri leið ósamþykkis og sundurlyndis. Mér þykir svo vænt um, hve þú skilur vel kenningar Helga Pjeturss og reynir að láta vini þína skilja þær líka. Vertu margblessuð fyrir það og allar þínar góðu hugsanir. Ég bið þess að þú lifir lengi og komir sem mestu góðu til leiðar.

Þegar hingað er komið, er byrjað á því að kenna manni að skilja lífið og náttúruna, sem er stór lexía. Þegar komið er á eina sjónarhæð, þá blasir þar við önnur ennþá hærri, sem einnig verður að ná, og svo áfram unz allt er skínandi, svo að hvergi ber skugga á. Takmarkið er að verða Guð. Orðið guð merkir skínandi eða geislandi, og geislanin

er kraftur, og það er kraftur, sem þarf til að stjórna á réttan hátt á leiðum þessara óteljandi sólna og lífnattafjölda. Varðandi himinhaf geimsins eru jarðarbúar tregir til skilnings. Allt vill lenda í sérgræðgi hjá flestum, og þessvegna eiga þar margir svo bággt og deyja úr hungri, þó að nóg sé þar til að lifa af. Allir þeir sem vinna, eiga skilið að fá fæði og fót, og áriðandi er, að allir skilji það, að allir eru bræður og systur, sem ættu að vinna samanog skilja að skaparinn elskar börnin sín öll og vill að þeim lífi vel. Og þau eiga að læra að þekkja lífið og náttúruna. Þegar farnar eru ferðir yfir lönd og höf, þá ber að muna allt sem fyrir augu ber. Það er eins og þessu hafi verið þrýst í mann svo að það gleymist ekki, þegar komið er hingað. Þá sér maður fyrst hvað unglíngnum var kennt og hvað af því ekki var rétt. Það sem ég vildi að lagfært yrði, að unglíngum væri kennt einungis það sem satt er, en ekki lýgi, eins og verið hefur löngum hjá þessu mannkyni. Ég vildi að allir hugsuðu eins og þú, góða Steinunn. Þá yrði gamli heimurinn nýr. Þá yrði gaman að lífa. Þú biður öllum blessunar, líka þeim sem vondir eru. En það skilja svo fáir, að það eru einmitt þeir, sem þurfa hjálpar við til þess að geta hætt að vera vondir og farið að vilja einungis vel.

Góða Steiunn. Ekki má ég nú láta þig vera oflengi að skrifa fyrir mig, því ég veit þú átt annríkt með það, sem þú ert að gera laglega. Ég bið Guð að gefa þér líff og heilsu til að koma sem mestu góðu til leiðar af hvaða toga sem er. Lifðu heil og sæl og lengi til þess, og þakka þér fyrir þessa stund og allar stundir áður. Þinn vinur

Haraldur Níelsson (prófessor)  
Steinunn Jónsdóttir Inge ritaði ósjálfrátt.

## SAMSÖNGUR HNATTANNA.

Sveinn Haraldsson kemur til mín með bók sem hann er að lesa, hugleiðingar um tónlist eftir Brúnó Walter hljómsveitarstjóra, og bendir mér á nokkuð sérstakt. Segist Walter aldrei hafa getað trúað því, frá því að hann var á barnsaldri, að þar sem þvílíkur maður sem Pýþagóras talar um samsöng hnattanna, hafi hann ekki verið að fara með neitt annað en skáldlegt líkingamál og orðagjálfur. Hann hlýtur að hafa heyrt þennan samsöng sjálfur, og lík orð hefur hann um Goethe, sem e innig hefur ort um samsöng hnattanna. Það er óhugsandi annað en hann hafi heyrt þennan hljóm, segir Walter. Og hver er nú líklegur til að taka þannig til orða nema sá, sem sjálfur hefur heyrt óminn?

Þegar ég las Nýal í fyrsta sinn árið 1947, varð mér þannig við, að mér þótti flest líklegt og margt augljóst af því sem þar var sagt - nema kaflinn um Auðumlu. Ég skildi ekki, vissi ekki hvert verið var að fara. En það var af því að ég hafði ekki heyrt óminn.

Kona segir við mig: heyrst ekki mikið í þeim (hnöttunum), þegar þeir þjóta svona um geiminn? Ég ætlaði fyrst að fara að segja, að þar væri engin mótstaða, ekkert hljóð heyrnlegt, en spyr þó af hverju hún haldi þetta. "Æ, þetta er allt svo dimmt og stórt og ógurlegt", svarar hún, eða því sem næst, og þá vissi ég hvað var. Það er hægt

að skynja óminn á ýmsum stigum, og afarmikilsvert er, að þeir eða þau, sem hæfileika hafa í þá átt, fái notið hans. Ómheyrendur ættu að njóta sérstaks trausts og tillitssemi í hópi okkar, því að heyrn þeirra gæti orðið lykill að verulegu sambandi við marga hnetti.

Þorsteinn Guðjónsson

## NÝTT LÍFSTREYMI

Á sambandsfundi 17. maí sl. talaði einn af Ásum, sem ekki nefndi sig nánar, og sagði þau tíðindi, að nú væri verið að magna fram nýjan kraft til að senda til ýmsra hnatta í vetrarbraut þeirri sem við byggjum. Mundu verkanir hans koma fyrst fram í því að fólk dreymdi til ýmsra staða innan vetrarbrautarinnar, frá stjörnu til stjörnu, en í framhaldi af því til hins æðra lífs guðanna. Talaði hann um þetta fróðlega og nefndi lífstreymi, guðlegan kraft, lifandi kraft, og var svo að heyra sém ný sókn væri að hefjast. Tilgangurinn er að hefja vetrarbrautina, með 100.000 milljónum sólhverfa, á nýtt stig, og hafa Æsir forustu um það verk.

Þetta var það sem sagðist miðilsmunni, en hvað er þá að fréttu eftir öðrum leiðum, af sjálfu fólkinu hér á einum þeirra hnatta, sem tvísýnast er um, af okkur sjálfum sem þiggjendum þessa kraftar? Ég fæ ekki betur séð en að einhverjir dagboðar séu að vakna, veikir að vísu, en glaðnandi þó. Það er til dæmis sterki maðurinn í Njarðvíkunum. Hann kemur vel fyrir, og það er óskandi að honum verði stætt á ráðvendni sinni. Svo eru það þeir sem skrifa um fyrirburðafræðina í erlend blöð - fyrirburðafræðin hefur nú miklu meiri virðingu en áður, eins og ég hef verið að minnst á - þeir skrifa af meira sjálfstrausti en áður. Og það sem gefur þeim traustið, eru fréttir eins og þær, að "Rússar eru að leita að fólki með sérstaka hæfileika til sambands við íbúa annarra hnatta" eða að "Bandaríkjamenn hafa komið á sambandi við geimfara á tunglinu". Slíkt hefur sín áhrif, og nýjar hugsanir vakna í framhaldi af þessu eða þær glæðast sem til voru í þessa átt. Stíllíðhrif koma hér til greina, og gagnkvæm magnan þeirra, sem vekja máls á þessum hlut um, og hefst þar ný verðandi.

Friðvænlegra virðist nú en búast hefði mátt við að yrði fyrir ekki mörgum vikum, og má vera að þar komi til greina íslenzk áhrif. Menn mega ekki vera vantrúaðir á mátt hinnar íslenzku heimspeki. Eitt eða tvö orð sem sögð eru með blá hennar, geta fengið fæturna og verkað á milljónir, án þess að nokkur viti hvaðan slíkt stafar. Sannleikurinn er sá, að íslenzkra áhrifa hefur gætt á hinn furðulegasta og hljóðlátasta hátt víða um jörð. Betur að menn vildu fylgja þessu eftir. Þá mætti miklum hörmungum létta af.

Slíkt sem hér var talið eru að vísu heldur lauslegar athugasemdir um ástand jarðarbúa. En hitt er ekki lauslegt, ef glöggir og vanir athugendur fara að verða varir breytinga til hins betra á draumlífi sínu. Þegar áhrifanna fer að verða vart á þann hátt, má hver hafa það til marks um að tími er til kominn að fara að láta til sín taka og að sér kveða. Nokkrir hafa sagt mér frá slíku og fleira mætti nefna sem bendir til batans.



Síðar. 24. maí kemur enn frumlífssamband, og erum við þá frædd um hnött einn í stjarnfræðilegu nágrenni okkar, ekki allmargra ljósára fjarlægð héðan að því er skilja mátti, og var sagt að ekki væri ýkjalangt síðan þeir fóru að þekkja sitt stjarnfræðilega nágrenni, þ. e. vita rétt um alheiminn. En nú væri svo komið, að stórlega hefði breytt til batnaðar á þeim hnetti, og var það nefnt til dæmis, að slys væru þar nálega úr sögunni. Virðist því öll þróun hafa gengið markvissara og nær hinu rétta þar á jörð en hér, þar sem lífið virðist jafnvel vera að verða að ýmsu leyti lakara en það var áður en vísindifóru að færast á legg, auðvitað vegna þess að samfara hagnýtingu vísindanna hefur eiginleg vísindaleg hugsun verið kæfð. Þetta nýja frumlífs-samband, við hnött þar sem hugsun er frjáls, gæti orðið mjög mikilsvert, þar sem aðdragandi hefur þar verið líkur og hér, og þar af leiðandi hið sama til að byggja á. - Því miður náðist ekki hvar stjarnan er, en sögð var hún liggja í aðra átt en stjarna Burdliks (sem þeir vita af), og segja þessir að framgangur þeirra hafi orðið of tafsamur enn.

P. G.

#### FYRIRBURÐIR

Hjón, sem bæði eru félagsmenn okkar, sögðu mér þann atburð í vetur, að hjá kunningjafólki þeirra hefði eitt sinn verið heima móðirin, dóttirin á unglingsaldri og sonurinn á barnaskólaaldri. Drengurinn heyrir póstinn stínga bréfi inn um rifuna, tekur upp og les á það, leggur á borðshorn og kallar upp til systur sinnar, að hún hafi fengið bréf. Móðirin sér bréfið á borðinu, stúlkan kemur niður og þá er bréfið horfið og hefur ekki sézt síðan. Móðirin fylgdist með ferðum beggja.

Á félagsfundi Nýalssinna 3. febr. sl. var rætt um þau tilmæli Þorsteins Jónssonar, að létt yrði af sér ritstjórnastörfum að einhverju leyti. Kom mönnum saman um að óska eftir því við Þorstein, að hann héldi áfram ritstjórn, en rætt var um að ég yrði þá aðstoðarritstjóri hans. Ég sagðist þá vilja vera Burdliksritstjóri, og voru mennþví samþykkir.

Eftir fundinn skrifuðum við nöfn okkar í bók að vanda, og léði ég einhverjum kúlupenna minn grænan að lit og málmítan og nokkuð digran, og skrifuðu tveir eða þrjú nafn sitt með honum. Þegar sá síðasti skrifaði með honum, fylgdist ég með, en rétt á eftir sakna ég pennans. Við vorum fimm inni, þegar penninn var síðast handleikinn, og spurði ég alla hina fjóra eftir honum, en enginn vissi hvað af honum hefði orðið. Borðið stóð við austurvegginn og bókin ein á því, og hvergi var neitt það að sjá sem líklegt var að penninn gæti leynzt í. Við þessir fimm vorum allir vel kunnugir og vorum vel samstilltir þetta kvöld. Mestar líkur eru til, að penninn hafi afefnast þarna á stundinni. Og hvar ætti hann þá að hafa komið fram? Til Burdliks hafði samstillingin beint þetta kvöld, og ef penninn er þar, ætti hann að geta náðst hingað aftur.

Þrjú drengir fóru í sambandstilraun með glasi og stafrófi um páskaleytið og fengu samband við framliðna. "Viltu ópal", segir einn þeirra. Glasið stafar "já". Þeir leggja ópaltöflu undir glasið, en glasið biður þá að loka

augunum og syngja. Þeir gera það. Þegar þeir opna augun er taflan horfin. Fleira gerðist í tilraunum þeirra. Þessum drengjum treysti ég vel. Hinn framliðni hafði einmitt þann vana að hafa einhver bragðefni uppi í sér, en það vissi ekki sá sem bauð honum.

19. maí 1971

Þorsteinn Guðjónsson

## DRAUMUR OG FRÁSAGA

Aðfaranótt 27. jan. 1971 dreymdi mig nokkra stutta drauma, en man þá ekki greinilega, nema hluta úr einum, sem rifjast upp eftir miðjan dag og þá eins og bregði fyrir mynd. Mér finnst ég vera úti ásamt einhverjum öðrum, og er ég að horfa á sólina setjast í norðri. Sólin var eldrauð, landslag ókunnugt við upprifjun draumsins. Svo læt ég augun renna eftir sjóndeildarhring til vesturs, og beint í vestur uppyfir fjallsbrún sé ég tunglið koma upp og í beina línu upp lóðréttu stefnu, og var það mjög lýsandi - sérkennilega bláhvít birta sem af því stafaði, og tunglkringlan stærri en raunverulega gerist um tunglið. Svo vissi ég að tunglið gat ekki verið svona bjart á þessum tíma dagsins enda undrast ég í draumnum að sjá það þarna. Ég man að engir blettir voru á kringlunni eins og sjá má á venjulegu tungli í fyllingu. Svo var eitt atriði enn. Það var sumar og gróður kringum mig það ég man, en nú er raunverulega allt undir snjó. Meira man ég ekki af þessum draumi.

Atvik sem kom fyrir mig sem smábarn vorið 1937 .

Það komu gestir að Skógsnesi og voru það Sigfús Öfjörð föðurbróðir minn, Lára kona hans, sonur þeirra og kona með þeim, ung , dökkhærð. (Seinna fékk ég að vita að þetta var systir Láru). Mamma, Lára og kona þessi eru inni í baðstofu og ég að snúast eitthvað í kring. Lára vîkur sér að mér og réttir mér súkkulaðistykki og segir mér að eiga það. Ég þakkaði henni fyrir, en gat ekki fengið af mér að smakka á því, bara vegna þess að unga konan ókunna var svo döpur. Ég horfði mikið á hana; svo tek ég skyndilega eftir manni fyrir aftan hana og hann er svo glaðlegur, og hann er að tala við hana, en hún svararekki, og það fannst mér skrítið. Ég heyrði ekki orðin, en sá að hann talaði og mér fannst ekkert athugavert við neitt nema það að konan skyldi ekki anza, en vera bara í "fýlu". Næst er það, að mamma, Lára og konan fara út og upp í heygarð bak við húsin og eru þar að tala saman. Ég á eftir, jafnforvitin og áður (ég var bara 6 ára), en þá tek ég eftir að unga konan er að gráta og þær mamma og Lára að tala við hana. Nú. allt í einu er ókunni maðurinn farinn að hugga hana svo góðlegur og brosandi. Hann heldur utan um axlir hennar og talar í sífellu, en hún anzar engu sem fyrr.

Ég fylgdist svo ekki meira með gestunum, en fór að sinna öðru, ég man ekki hverju (kannske súkkulaðinu), en gestirnir fóru. Nokkru seinna um vorið var ég veik og lá í rúminu og fékk þá myndaalbúm mömmu lánað og er að skoða myndir. Allt í einu sé ég myndina af mannum sem kom og var að hugga konuna. Ég kalla á mömmu og spyr hver þetta sé. Hún.

segir mér það (ég hef gleymt nafninu), og þá segi ég "maðurinn sem kom með Láru, Sigfúsi og hinum". "Nei", segir mamma, "hann kom ekki, hann er dáinn. Það var konan hans, sem kom með Láru". "Já, en ég sá hann víst með konunni og hann var í gráköflóttum buxum, skyrtu og svörtum jakka. Ég man það vel." "Nei", segir mamma, "hann kom ekki því hann var dáinn þá". "Já, en ég sá hann víst".

Þessi orðaskipti man ég eins og atburðinn allan þó að nú sé langt síðan. En það sem skrítið er við þetta, er, að þetta gleymist og rifjast ekki upp fyrr en í júní 1968, allt í einu, eins og 1937. Man ég það þá allt og undrast mjög gleymskuna. En ég ákveð að skrifa Láru (sem gaf mér súkkulaðið) og spyrja hana um þetta fólk, sem með henni var og ég þekkti ekki. En í hádegisútarpinu kemur dánartilkynning Láru Guðm., og þá var sá þráður slitinn. En hversvegna man ég sýnina þann sama dag og ég heyri lát Láru. Þar eru tengsl á milli.

Áshildur M. Öfjörð

### Gott frumlífssamband

Félagskonu dreymdi þann draum, að tilraunafundur hefði staðið yfir þar sem heimili hennar væri í sveit eða borgarjaðri. Fólkið var að leggja af stað, og hafði hún einna síðast kvatt konu eina með þeim orðum, að þær skyldu síðar sjást á annarri stjörnu. Þetta var falleg kona nokkuð roskin, og sýndust augun helzt ljósmóleit, og þótti henni vera kært á milli þeirra. - Draumkonunni varð nú hvarflað til þess í huganum, hvað fólkið í hinum húsunum mundi nú fara að hugsa um þennan hóp (sem hún þýddi fyrir Nýalssinna, sem jafnan kæmu þarna saman til funda). Fannst henni að hún eins og skynjaði hleypidóma þess, jafnframt því sem hún hugsaði sjálf, að ekki væri nú mikið við þetta fólk að athuga, frítt og frjáltslegt og vel klætt. Fólkið átti dálítinn spöl að fara frá húsinu, eftir eyrum nokkrum, grasigrónum að nokkru, og yfir líttinn læk, sem rann þar eftir grunnum dældum. Maður bar konu yfir lækinn, en aðrir stikluðu. Hópurinn var ekki stór, þetta tíu manns, og þýddi hún suma þeirra fyrir einstaka Nýalssinna. Svo þótti henni einn snúa við eða hafa snúið við og víkja sér að henni og spyrja: "Það má víst ekki búast við þér þar?". Rann þá upp fyrir henni, að átt væri við kosningar eða eitthvað slíkt, og svaraði hún því til, að þau hefðu ekki verið tíðir gestir þar, og vissi hún ekki hvað yrði um það. En skemmtilegur var hópurinn og unaðslegt útsýnið, sem þó var mjög takmarkað við ákveðið svið, meðan á þessum draumi stóð.

20. maí.

P.G.

## DRAUMAR

Einhversstaðar las ég að vísindamenn, sem rannsakað hafa drauma haldi því fram, að yfirleitt dreymi menn ekki í litum, heldur í svart-hvítu. - Ég trú þessum staðhæfingum svona rétt mátulega. Allir draumar, sem mig dreymir og ég man á annað borð, eru í litum. Væri gaman, ef aðrir lesendur félagsblaðsins hripuðu niður drauma sína með tilliti til lita.

Hér eru tveir draumar. Þeir eru ekki sérlega merkilegir, nema hvað fólk, hús, dýr, hlutir og landslag hafði sinn eðlilega litblæ, þó skírari og fallegrí á stundum en vant er.

---

I. Aðfaranótt 5. júní 1970 dreymdi mig, að ég væri komin heim í sambýlishús í Vesturbænum. Fyrr í draumnum fannst mér þetta vera 20. júlí 1970, eða afmælisdagur mannsins míns. - Eitthvað er ég að ráfa um húsið og rabba við nábúana. Þetta er að degi til. Allt í einu segir einhver: "Það eru að byrja eldgos í borginni (Reykjavík)". Ég lít út og sé annarlegt landslag ekki líkt Reykjavík (þó gerði ég mér ekki fulla grein fyrir því í draumnum). Borgin var staðsett í miðju hrauni, allt hafði á sér dökk-rauðbrúnan blæ. Rauðbrún fjöll bar við himin norðvestur af Seltjarnarnesi, eins og áframhald af nesinu. - Geng ég nú niður stigann í sambýlishúsinu, og sé þar stóran heitan hver, sem mér fannst vera nýkominn þar. Ég hleyp um húsið til að segja fólkinu að hraða sér út. Nú voru allir komnir út, og var nú farið að bull-sjóða í lvernum á neðstu hæð. Allir héldu að nú færi að gjósa þar líka. Okkur verður lit-ið í vestur, og sjáum við þar gjósa upp úr háskólanum, (sem ekki var neitt líkur Háskóla Íslands), og í kringum hann. Þetta var vikurgos, og fóru steinarnir hátt upp í loftið. Það gaus víðar í borginni, en engan eld sá ég, enda var þetta að degi til. Mér er minnisstætt hversu rólegt fólkið var. Samt vorum við hrædd, því enginn vissi hvað ske myndi næst.

við göngum þarna til og frá fyrir utan húsið, og koma þá til okkar tvær systur (sem í vöku eiga heima í sama húsi og ég), sem bjuggu skammt frá, og buðu upp á kaffi. Þegar þangað kom var vinnukonan þeirra (þær hafa enga vinnukonu) að leggja bolla á borð. Ég man sér-staklega eftir að fyrst var lagður dökkgrænn dúkur á borðið, síðan for-kunnarfagur refill, útsaumaður líkt og "Hedebo"- eða "Feneyja"-saumur með götum, og var hann hvítur. Bollarnir voru líka mjög fallegir. Skrítið fannst mér bæði í draumnum og eftir að ég vaknaði, hvernig rjóminn var. Maður setti smá-lögg af hvítum vökva í ílát, síðan nokkra dropa af vatni - þetta freyddi þá svo mikið, að strax var komin full skál af þeyttum rjóma, án þess að þurfa að þeyta hann.

Ég ætla nú ekki að segja meira úr þessum draumi, en vil taka fram að landslag, og annað í draumnum, var gerólikt því, sem er í okkar Reykjavík, og fólkið var ólíkt nábúum mínum. Sambýlishúsið í "vesturbænum" fannst mér í draumnum vera þar sem Þingholtin eru.

---

II. Ég er að aka til lítils þorps, sem liggur í miðju sveitahéraði. Ég ætlaði að heimsækja kunningjafólk þar. Áður en ég lagði af stað, var mér sagt, að vegurinn væri sundurrifinn nálægt húsi því, er ég ætlaði til. Eftir að ég hafði ekið töluvert lengi, kom ég á moldarveg þröngan,

og losnaði þá benzín-"pedallinn" frá, svo ég gat aðeins ekið nokkra metra í viðbót og varð að stanza til að laga þetta. Það var nú eins gott að þetta skeði, því fyrir framan mig á veginum voru djúpar og hættulegar sprungur. Ég skildi bílinn eftir og gekk lengra, en ekki langt, því vegurinn endaði þarna við stórt fljót með háum bökkum. Lengra uppfrá sá ég göngubrú, var hún einkennilega smíðuð, eða hlaðin úr múrsteinum og grasi gróin. Hvað hélt henni uppi vissi ég ekki. Ég lagði ekki í að ganga yfir brúna, þar sem mig grunaði, að hún væri ekki mjög sterk. Lengra uppfrá var áin mjög breið, en einnig mjög straumhörð, stórir steinar eða sker sköguðu upp úr hér og þar. Allt í einu sá ég konu detta í ána. Mig langaði til að bjarga henni, en gat ekki hreyft mig. Konan flaut niður ána og var ég reið sjálfri mér að geta ekkert gert. Mér leið betur, þegar ég sá, að dálítið neðar var konunni bjargað.

Eins og í fyrri draumnum er það ekki söguþráðurinn, heldur litirnir (og lands lagið), sem mér finnst skipta máli, og skal þessu nú lýst:

Bílinn sem ég ók, var ljósblár og hvítur. Moldarvegurinn rauðbrúnn. Grænir, lágir runnar uxu meðfram veginum á hægri hönd. Til vinstri var bara grænt gras, en lengra frá voru lítil hús hér og þar.

Áin var grá-blá, en hvít þar sem var sterkur straumur. Konan var í ljósbrúnni regnkápu, sem glansaði og með hatt úr sama efni. Meira man ég ekki úr þessum draumi.

Hulda Valdimarsd. Ritchie

## DRAUMUR

7. jan. '71, dreymdi mig að ég væri að sækja um inntöku í háskóla og var það síður þar, að sérhver nemandi fengi mynd til minja. Meðan ég er að tala við ritarann (þetta var úti undir berum himni og í góðu veðri) kemur full af ungu fólki með bækur undir höndum og spyr það allt um sama myndpassann og nefnir alltaf Nýal og Helga Pjeturss um leið (nema hvað mér þótti þeir segja Nýal-íar). Þegar þeir fara fá þeir mynd til minja hjá stúlkunni (ritaranum). Nú réttir hún mér myndabúnt, eitthvað 5 myndir, og voru þetta myndir af fólki sem ég hafði aldrei séð áður, að mér fannst, en ein var af konu sem hét Hyra. Ég bið nú um mynd af Helga Pjeturss og er það sjálfsagt segir stúlkan. Réttir hún mér myndabúnt í litum. Sá þeg þar mynd af manni, hvít-hærðum eða mjög ljóshærðum. Sat hann í skógar- eða runnarjódri og var að drekka kaffi eða eitthvað síft með öðru fólki og sátu allir í hring. Varð mér starsýnt á hversu feikna vel vaxinn maðurinn var og brúnn og allur fádæma hraustlegur. Fannst mér þetta vera Helgi Pjeturss. Fleiri myndir sá ég og einnig af öðru fólki og öðrum hlutum t. d. eina af geysimiklu fljóti, sem var í afar djúpu gili eða gljúfri, og segi ég þá við einhvern, nei sérðu, það er alveg grænt fljótið", og þá sé ég allt í einu í sýn þar sem mikið fljót beljar milli víðra valla meðfram skógarjaðri, og er það dökkgrænt á lit, en ofan úr skóglendinu kemur hliðarfljót einnig mjög grænt og sameinast stærri elfunni og man ég glöggð boðaföllin í röstinni. "Ótrúlegt er þetta, hversu grænt það er". "Það kemur af grænkunni í skógarsverðinum" segi þá annar. Þá væknaði ég.

Kjartan N.

## FUNDARGERÐ

Aðalfund hélt Félag Nýalssinna sunnudaginn 21. marz 1971 að Álfrólsvægi 121. Hófst fundurinn um kl. 2 e.h. með því að formaður, Þorsteinn Guðjónsson, bauð alla viðstadda velkomna, og kvaðst hann síðan vilja nefna nýja félag og látna félag. Látizt höfðu þessir: Rafn Jónsson, Lúðvík Ásgrímsson og Stefán Guðm. Hólum í Dýrafirði. Taldi Þorsteinn upp nokkra verðleika hvers þessara látnu féлага, og risu fundarmenn síðan úr sætum þeim til heiðurs. Eftir þessi inn- gangsorð var gengið til dagskrár, og var fyrst erindaflutningur.

Þorsteinn Jónsson flutti erindi, sem nefndist "Hið skiljanlega og hið óskiljanlega".

Þá flutti Ingvar Agnarsson yfirlit yfir starf félagsins á liðnu ári.

Að því loknu flutti Þorsteinn Guðjónsson erindi sem hét "Framgangur fyrirburðafraeðinnar", einkanlega um það sem gerzt hefur erlendis í þeim efnunum.

Öll fengu erindi þessi góðar undirtektir.

Síðan hófust aðalfundarstörf með því að gjaldkeri, Sigurður F. Ólafsson, las upp reikninga félagsins frá liðnu ári. Og er þar skemmst af að segja að athugasemdir eða fyrirspurnir við reikningana komu engar fram, og voru þeir samþykktir með öllum atkvæðum samhljóða.

Næst á dagskrá voru umræður um skipulagsmál félagsins. Haukur Matthíasson sagði nokkra unga félagsmenn og fleiri hafa verið að velta fyrir sér hvern vinna mætti að framgangi málanna, og væru tillögur þær sem hann mundi bera fram árangur af hugleiðingum þessum. Las hann upp tillögurnar, sem voru la gabreytingar og tillaga til fundarsamþykktar. Urðu nokkrar umræður um tillögurnar, og fylgja þær með þessari fundargerð í því formi sem þær voru samþykktar.

Eftir þetta tók til máls Þorst. Guðjónsson og gat þess að á næsta ári yrði aldarafmæli Helga Pjeturss, og litist sér í því sambandi vel á það sem komið hefði fram í tillögunum á undan, að gefið yrði út sérstakt hefti af Íslenzkri stefnu tileinkað dr. Helga. Þar sem Þorsteinn Jónsson hefði lagt til að hann Þ. G. yrði ritstjóri þess heftis, vildi hann ekki skorast undan því. Einnig sagði hann að sér litist vel á tillöguna um ritnefnd, ritstjóra félagsblaðsins til aðstoðar.

Þá minntist Þ. G. á, að mikill þáttur í efni Nýals væri skýringar þær á fyrirbærum, sem hann veitir, fyrirbærum, sem víða hefði rengt verið að ættu sér nokkurn stað. En nú væri að koma fram á Vesturlöndum og víðar almenn viðurkenning á fjarsambandi - en ýmsir menntamenn hér, sem hefðu hlotið skólagöngu sína áður en sú viðurkenning kom fram virtust enn ekki vita, hvað gerzt hefði í þeim efnunum. Og væri það nú spurning hvort við ættum ekki að bera fram formlega áskorun til Háskóla Íslands um að gera hreint fyrir dyrum sínum um þetta efni. Undir þetta tóku eindregið Skúli M. Öfjörð og Þorsteinn Jónsson. Sveinbjörn Þorsteinsson lagði til að því yrði beint til þeirra að taka upp kenngslu í þessum efnunum, í sambandi við væntanlega sálfræðikennslu. Páll S. einarsson kvaðst vera því hlynntur sem lagt hefði verið til, en mikið væri komið undir orðalagi slíkrar áskorunar. Og þyrfti að hafa því þannig, að ekki yrði háskólamönnum auðvelt að neita því að rannsóknir yrði gerðar. Ætti að skora á þá að segja hug sinn um það sem gerzt hefði, og hvort þeir vildu að slíkar rannsóknir færu fram. Væri ekki nóg að beina þessu til sálfræðinga einna, heldur einnig til líffræðinga, og jafnframt að það yrði íhugað, hvaða orka það væri sem bæri áhrifin á milli.

Formaður bar það síðan undir samþykki fundarins, hvort gert skyldi eins og þeir Páll hefðu lagt til, og samþykkti fundurinn það.

Stjórnarkosning fór síðan fram, og stjórnaði henni, að beiðni formanns, Haukur Matthíasson. Voru stjórnarmenn bornir upp hver í sínu lagi og allir samþykktir einróma. Skipa stjórnina nú þessir menn:

Formaður: Þorsteinn Guðjónsson

Varaformaður: Ingvar Agnarsson

Gjaldkeri: Sigurður F. Ólafsson

Ritari: Samúel D. Jónsson

Meðstjórnendur: Sveinbjörn Þorsteinsson, Haukur Matthíasson, Páll Steinarsson.

Ritstjóri: Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum

Endurskoðendur : Kjartan R. Kjartansson og Elsa Vilmundardóttir

Í ritnefnd voru kosnir: Sveinn Haraldsson, Gunnar Grettisson og Kjartan K. Norðdahl.

Fundurinn stóð um 4 klst. og tóku ýmsir til máls, sem hér hafa ekki verið nefndir, og margt rætt, sem sleppt er að rekja hér.

S.H.

#### Samþykkt aðalfundar (21. marz 1971, sjá fundargerð).

"Til þess að starf félagsins verði sem kröftugast og leggist ekki á offáar herðar, skal kjósa á aðalfundi í tvær nefndir, tvo menn í hvora, og beri önnur nafnið Fræðslunefnd, en hin Tilraunaneftnd. Skulu meðstjórnendur félagsins skipa formannssæti í nefndum.

"Fræðslunefnd skal hafa það hlutverk að stuðla að aukinni fræðslu innan félagsins og út á við.

"Tilraunaneftnd skal sjá um tilraunir og athuganir, sem gildi geta haft fyrir framgang hinnar nýölsku stefnu.

"Nefndin skal sjá um skipulagningu miðilfunda yfirleitt.

"Nefndimar skulu samræma störf sín, og skila árs áætlun á fyrsta eða öðrum félagsfundi eftir aðalfund."

#### Lagabreytingar(21. marz, 1971)

"4. grein laganna breytist þannig: "Stjórn félagsins skipa átta menn: formaður, ritari, gjaldkeri og varaformaður, ritstjóri og þrjú meðstjórnendur. "

Framhald greinarinnar verði eins og áður.

5. grein a) Til aðstoðar ritstjóra Félagsblaðs Nýalssinna skal kjósa þriggja manna ritneftnd á aðalfundi til eins árs í senn.

b) Félagsblað Nýalssinna skal koma út a. m. k. fjórum sinnum á ári hverju. Ritstjóri skal ákveða áskriftargjald árlega. Ennfremur skal gefa út eitt sérstaklega vandað blað árlega, ætlað til kynningar út á við. Skal það blað bera nafnið Íslensk stefna og koma út sama dag og aðalfundur er haldinn.

Töluröð á greinum nr. 5. - 10 hækki um einn."

## RIT TIL SÖLU:

<u>NÝALL I. - VI.</u> (2. prentun, 1955):	Skinnband,	Kr. 1200,-
	Shirtingsb.	Kr. 900,-
	Óbundið	Kr. 660,-

Einstakar bækur eru enn fáanlegar.

Í bókabúðum bætist álagning við þetta verð.

<u>Íslenzk stefna 1951-1963.</u> Sex hefti, hvert á	Kr. 30,-
<u>Félagsblað Nýalssinna 1963-1971</u> (Nr. 3-33), hvert á	Kr. 25,-

<u>Íslendingabyggð á öðrum hnetti</u> (Nr. 1-2)	
<u>Ósjálafrað skrift Guðmundar Davíðssonar</u>	Kr. 150,-

<u>Íslenzka glíman</u> , eftir Emil Tómasson. 1966.	
Hluti af upplaginu var gefinn Félagi Nýalssinna.	Kr. 200,-

Félagið útvegar einnig (örfá eintök eftir):

<u>Samtöl um íslenzka heimspeki</u> (1940)	
Eftir Þorstein Jónsson á Úlfsstöðum.	Kr. 200,-

---

### Leiðréttingar við félagaskrá í aprílhefti félagsblaðsins:

Þessi nöfn féllu fyrir vangá niður:

Norma Samúelsdóttir Ritchie, Öldugötu 7, Rvk.

Stefán Thorarensen, Bollagötu 9, Reykjavík

Sigjón Bjarnason, Brekkubæ, Hornafirði

Samvinnuskólinn, Bifröst, Borgarfirði.

Rétt ritað nafn og heimilisfang Ragnheiðar í Brekkubæ er þannig:  
Ragnheiður Sigjónsdóttir, Brekkubæ, Hornafirði.

Einn af ævifélagunum, Kristófer Grímsson, Silfurteigi 4 Garðahreppi,  
lézt árið 1969.

### Félag Nýalssinna. Stofnað 1950. Félagsstjórn:

Þorsteinn Guðjónsson, Álfhólsvegi 121. Sími 41006

Sigurður F. Ólafsson, Fálkanum Sími 84670

Samúel D. Jónsson, Fossvogsbletti 13. Sími 40383

Ingvar Agnarsson, Gúmmívinnustofunni Sími 30688

Meðstjórnendur: Þorsteinn Jónsson, Úlfsstöðum (ritstjóri),

Sveinbjörn Þorsteinsson, Skálholtsstíg 2, Haukur Matthíasson,

Laufásvegi 25, Páll Steinarsson frá Hlíð, Egilsgötu 28.

### Ritnefnd ( auk ritstjóra ):

Sveinn Haraldsson, Álfhólsvegi 121, Kóp.

Kjartan K. Norðdahl, Bólstaðahlíð 64, R.

Gunnar Grettisson, Rauðalæk 55, R.

Stjórnumbandsstöðin, Álfhólsvegi 121, Kópavogi. Sími 40765.

Almennir félagsfundir þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar  
kl. 9 e.h. - Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.